

Samþykktir fyrir Fljótsorku

I. KAFLI Rekstrarform.

1. gr.

Fljótsorka sér um rekstur vatnsveitu í Fljótsdal og er hún í eigu Fljótsdalshrepps. Um eignarhald og rekstur fer samkvæmt lögum nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerðar nr. 401/2005 sem sett er á grundvelli þeirra laga.

2. gr.

Tilgangur vatnsveitunnar er að afla, selja og veita vatni um veitusvæði sitt og reka aðra þá starfsemi sem því tengist. Vatnsveitunni er heimilt að leita eftir heitu vatni og setja á stofn hitaveitu finnist það í nýtanlegu magni.

3. gr.

Veitusvæði vatnsveitunnar eru staðarmörk Fljótsdalshrepps.

4. gr.

Yfirstjórn vatnsveitunnar er í höndum sveitarstjórnar en sveitarstjóri sér um daglegan rekstur hennar nema sveitarstjórn ráði vatnsveitustjóra.

5. gr.

Helstu verkefni yfirstjórnar vatnsveitunnar eru:

- Hafa eftirlit með því að skipulag vatnsveitunnar og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.
- Gera tillögur að framkvæmdum vatnsveitumála á veitusvæði vatnsveitunnar í samræmi við samþykktir og ákvæði sveitarstjórnarlaga.
- Semja gjaldskrá fyrir vatnsveituna og kynna hana notendum.
- Undirbúa samninga um kaup og sölu á vatni.
- Semja fjárhagsáætlanir fyrir vatnsveituna og hafa eftirlit með að rekstur sé innan þeirra heimilda.
- Semja nánari reglur um einstök framkvæmdaatriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf gerist.

6. gr.

Sveitarstjóri eða vatnsveitustjóri annast daglegan rekstur vatnsveitunnar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem sveitarstjórn gefur.

7. gr.

Vatnsveitan skal hafa sjálfstæðan fjárhag og sjálfstætt reikningshald. Reikningsárið er það sama og Fljótsdalshrepps og skulu reikningar hennar fylgja reikningum sveitarsjóðs og vera endurskoðaðir af endurskoðendum hans. Tekjum vatnsveitunnar skal varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði hennar, viðhaldi og uppbyggingu. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin af sveitarstjórn. Heimilt er að mynda framkvæmdasjóð ef hentugt þykir til undirbúnings

kostnaðarsamra framkvæmda í uppbyggingu veitunnar. Við gerð gjaldskrár skal þess gætt að verð sé við það miðað að eðlilegur afrakstur fái af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum nægt vatn á hagkvæmu verði.

II. KAFLI Almenn ákvæði.

8. gr.

Vatnsveitan leggur og á allar lagnir veitukerfisins, aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar, götuæðar svo og heimæðarlagnir, lagnir innanhúss að og með mæligrindum ásamt tilheyrandi búnaði. Hún annast rekstur og viðhald eigin veitukerfis.

9. gr.

Vatnsveitunni skal ekki skylt að tengja hús innan veitusvæðis hennar við veitukerfi sitt fyrr en húseigandi húss þar sem veitukerfi vatnsveitunnar liggur, hefur sótt eða samið um slíkt við vatnsveituna. Vatni verður ekki hleypt á húsveitu fyrr en heimæðargjald hefur verið greitt.

10. gr.

Húseigandi greiðir heimæðargjald samkvæmt gjaldskrá. Þegar aðstæður eru óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða orkunotkun húsveitunnar, skal heimæðargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni þar sem hliðsjón er höfð af stofnkostnaði við framkvæmdir. Skal slíkur samningur liggja fyrir áður en til framkvæmda kemur og undirritaður af húseiganda sem með undirritun sinni skuldbindur sig til þess að greiða þann kostnað sem af lagningu heimæðar leiðir.

Húseigandi greiðir vatnsgjald samkvæmt gjaldskrá.

Húseigandi eða notandi sé hann annar greiðir notkunargjald samkvæmt gjaldskrá.

11. gr.

Í samræmi við skyldur samkvæmt lögum og byggingarreglugerð er húsráðendum skylt að halda vel við vatnslögnum og vatnstækjum innanhúss. Kostnað við breytingar á húsveitu eða hitunarkerfi húss vegna tengingar við veituna skal húseigandi/kaupandi annast og kosta. Húseigandi/kaupandi kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans. Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi vatnsveitunnar.

12. gr.

Starfsmenn eða verktakar á vegum vatnsveitunnar hafa rétt til aðgangs að húsnæði því sem veitukerfi hennar liggur um til viðhalds eftirlits og breytinga í samráði við eiganda viðkomandi húsnæðis. Við allar framkvæmdir samkvæmt þessari grein skal gætt að því að valda ekki meira raski eða óþægindum en nauðsynlegt kann að reynast og skal vatnsveitan ganga þannig frá málum að sem minnst rask verði eftir. Ef inntak hitaveitu og mælagrind eru ekki í sama herbergi skal lög þar á milli vera óhulin eða í stokk sem auðvelt er að opna.

13. gr.

Starfsmenn eða verktakar á vegum vatnsveitunnar eiga ætíð rétt til að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á veitum, jafnt fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er til athugunar á öryggi þeirra þ.m.t. tækja, til athugunar á mælitækjum og hvort öll notkun komi rétt til mælis samkvæmt gjaldskrá, til álestrar á mælitæki, til lokunar vegna vanskila og til annarra þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru samkvæmt réttindum og skyldum vatnsveitunnar.

14. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss sem eru í eigu vatnsveitunnar. Húseiganda ber að tilkynna tafarlaust til vatnsveitunnar ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum hennar. Húseigandi greiðir kostnað við viðgerð eða endurnýjun búnaðar sem verður fyrir skemmdum af hans völdum eða frosta.

15. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar. Þurfi að takmarka notkun um lengri eða skemmri tíma ákveður vatnsveitan hvernig hún skuli takmörkuð. Vatnsveitunni er ekki skylt að greiða bætur eða veita afslátt vegna takmörkunar á afhendingu vatns.

16. gr.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar en fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu notkunargjalds.

Vatnsgjaldi og heimæðargjaldi, ásamt innheimtukostnaði og vöxtum, fylgir lögveðréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga. Lögveð þetta gengur fyrir eldri sem yngri samnings- og aðfararveðum og yngri lögveðum.

17. gr.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald, að undangenginni skriflegri aðvörun. Einnig er heimilt að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem eyða vatni óhóflega og þegar gera þarf við bilanir á vatnsæðum.

Notkunargjald og leigugjald fyrir vatnsmæli, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar.

18. gr.

Um annað sem ekki er sérstaklega getið í samþykktum þessum gilda ákvæði laga nr. 32/2004 og reglugerðar nr. 401/2005.

19. gr.

Samþykktir þessar skulu staðfestar af sveitarstjórn Fljótshrepps og öðlast þegar gildi við þá staðfestingu.

Samþykkt þannig á fundi sveitarstjórnar Fljótshrepps þann .. Helgi Gíslason sveitarstjóri.